

Breytingartillögur

við frv. til l. um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (HjÁ, GuðjG, BH, SvanJ, HGJ, ÁSJ, KÓ).

1. Við 9. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ef orka frá virkjun fer ekki um kerfi dreifiveitu heldur beint til notanda skal sú notkun vera mæld með löggildum mæli og vinnsluaðili sjá um uppgjör niðurgreiðslu á sama hátt og dreifiveitur gera þegar orkan fer um kerfi þeirra.
2. Á eftir IV. kafla komi nýr kafli, V. kafli, **Orkusparnaður**, með einni nýrri grein, 19. gr., sem orðist svo ásamt fyrirsögn:

Orkusparnaðaraðgerðir.

Verja skal til orkusparnaðaraðgerða allt að 1% af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslna á kostnaði við húshitun og til að styrkja nýjar hitaveitur.

Orkusparnaðaraðgerðir skulu stuðla að því að draga úr kostnaði við niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði. Orkustofnun skal gera áætlun um hvernig fénu skuli varið og leggja hana fyrir iðnaðarráðherra til staðfestingar.